

## Skipulag

<i>Fundarboðandi:</i>	Starfsmaður f.h. formanns	<i>Fundarstaður:</i>	Fjarfundur
<i>Fundarstjóri:</i>	Sigurborg Daðadóttir	<i>Dagsetning:</i>	12.12.2022
<i>Fundarritari:</i>	Viktor Pálsson	<i>Fundartími:</i>	13:00-14:30
<i>Gerð fundar:</i>	Fjarfundur		
<i>Pátttakendur:</i>	Sigurborg Daðadóttir (yfirdýralæknir, formaður fagráðs), Sigríður Björnsdóttir (Mast – sérgreinadýralæknir hrossa og sérfræðimat á dýratilraunum), Katrín Andrésdóttir (f.h. Dýralæknafélags Íslands), Henry Alexander Henrysson (f.h. Siðfræðistofnunar HÍ), Anna Berg Samúelsdóttir (f.h. Dýravendarsambands Íslands. og Hilmar Vilberg Gylfason (f.h. Bændasamtaka Íslands).		

## Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Dýr á þjóðvegum – bréf Jóns G. Péturssonar (frestað frá fyrri fundi)
3. Vanræksla dýra í Borgarfirði - Yfirlýsing Samtaka um dýravelferð á Íslandi SDÍ. (frestað frá fyrri fundi)
4. Vinnureglur fagráðs
5. Önnur mál.

## Umræður

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar liggur ekki fyrir – fundargerðin verður send í vikunni með tölvupósti til nefndarmanna til samþykktar. Beiðni fundarmanna um að fundargerðir síðustu funda verði settar inn á heimasíðu Matvælastofnunar hið fyrsta.

### 2. Dýr á þjóðvegum – bréf Jóns G. Péturssonar

Almennar umræður um hættur sem dýrum stafar af umferð á vegum landsins. Rætt um að yfirsýn vanti yfir hversu stórt vandamálið er og hvar vandinn er mestur, þannig að hægt sé að fara í mögulegar aðgerðir. Ákveðið að Fagráð um velferð dýra leggi fram bókun um málefnið sem beint verði til Matvælastofnunar og lögð verður fram á næsta fundi nefndarinnar. Formaður mun ekki koma að þeirri bókun.

### 3. Vanræksla dýra í Borgarfirði - Yfirlýsing Samtaka um dýravelferð á Íslandi SDÍ

Umræður voru um vinnuferla Matvælastofnunar og úrræði stofnunarinnar þegar upp koma málefni tengd velferð dýra. Ákveðið að Fagráð um velferð dýra leggi fram bókun um málefnið og lögð verður fram á næsta fundi nefndarinnar. Formaður mun ekki koma að þeirri bókun.

### 4. Vinnureglur fagráðs

Umræður um hlutverk nefndarmanna og fundarsköp. Málinu frestað til næsta fundar.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.